

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar  
kiwanis.is

Efling, kraftur, áræðni – Ábyrgðin er okkar

**Fundargerð 2. umdæmisstjórnarfundar í Kiwanisumdæminu Ísland-Færeyjar, starfsárið 2010-2011 haldinn laugardaginn 21. janúar 2010 kl. 10:00 í Kiwanishúsi Eldeyjar, Smiðjuvegi 13a Kópavogi.**

## Mættir:

Óskar Guðjónsson umdæmisstjóri, Ragnar Örn Pétursson kjörumdæmisstjóri/stefnumótunarnefnd, Hjördís Harðardóttir umdæmisritari, Atli Þórsson umdæmisféhirðir, Jón Jakob Jóhannesson svæðisstjóri Eddusvæðis, Lára Einarsdóttir svæðisstjóri Óðinssvæðis, Ingólfur Friðgeirsson svæðisstjóri Þórssvæðis, Erlendur Örn Fjeldsted svæðisstjóri Grettissvæðis Gísli Valtýsson svæðisstjóri Sögusvæðis, Hildisif Björgvinsdóttir svæðisstjóri Ægissvæðis, Þyrí Marta Baldursdóttir upplýsinga- og blaðafulltrúi/ritstjóri Kiwanisfrétta, Gylfi Ingvarsson formaður K- dagsnefndar, Ástbjörn Egilsson formaður laga-og ályktananefndar, Stefán B. Jónsson formaður þingnefndar, Björn Ágúst Sigurjónsson formaður styrktarsjóðs /KIF, Guðmundur Oddgeir Indriðason formaður hjálmanefndar, Björn Baldursson formaður ferðanefndar, Andrés Hjaltason tengiliður við fyrrverandi umdæmisstjóra, Tómas Sveinsson formaður Internetnefndar, Arnór L.Pálsson formaður fjárhagsnefndar, Konráð Konráðsson tengiliður við gagnagrunn KI.

## Forföll:

Matthías G. Pétursson fráfarandi umdæmisstjóri, Ómar Hauksson erlendur ritari, Sæmundur H. Sæmundsson formaður fræðslunefndar, Sigurður Svavarsson útbreiðslu – og fjölgunarnefnd og Guðmundur Óli Ólafsson formaður tryggingarsjóð Kiwanis.

## Gestir:

Benóný Arnór Guðmundson verðandi umdæmisritari, Birgir Sveinsson verðandi umdæmisféhirði, Finnbogi Kristjánsson fræðslunefnd.

## Dagskrá

### Fundarsetning

Umdæmisstjóri Óskar Guðjónsson setti fundinn kl. 10:00 og bauð alla velkomna og þakkaði fyrir gott samstarf á liðnu ári.

Því næst bað Óskar alla að rísa á fætur og minnast látina félaga með stuttri þögn. Óskar sagði frá því að Andrés Hjaltason fyrrverandi umdæmisstjóri sé að íhuga að gefa kost á sér sem ráðgjafi KI en kosningin fer fram á heimsþinginu í sumar.

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar  
kiwanis.is

Efling, kraftur, áráðni – Ábyrgðin er okkar

## Skýrslur umdæmisstjórnar og umræður um þær

- Skýrsla umdæmisstjóra – Óskar Guðjónsson
- Skýrsla umdæmisritara – Hjördís Harðardóttir
- Skýrsla umdæmisféhirðis – Atli Heiðar Þórsson
- Skýrsla svæðisstjóra Ægissvæðis – Hildisif Björgvinsdóttir
- Skýrsla svæðisstjóra Sögusvæðis – Gísli Valtýsson
- Skýrsla svæðisstjóra Óðinssvæðis – Lára Einarsdóttir
- Skýrsla svæðisstjóra Grettissvæðis – Erlendur Örn Fjeldsted
- Skýrsla svæðisstjóra Eddusvæðis – Jón Jakob Jóhannesson
- Skýrsla svæðisstjóra Þórssvæðis – Ingólfur Friðgeirsson

## *Sjá má skýrslurnar sem fylgiskjöl með fundargerðinni*

**Ástbjörn Egilsson** tók fyrstur til máls og sagði skýrslurnar góðar frá svæðisstjórunum og sagði að það væri greinilega nóg að gera hjá klúbbunum. Ástbjörn sagði að það væri ansi mikið breytt ef heimsstjórn sé að íhuga að Sinawik konur geti talist Kiwanisfélagar. Það þurfi þá að breyta lögum. Varðandi umsókn okkar um að sækja eftir lækkun á erlendu gjöldunum og teljast með fátækari löndunum, ættum við að passa okkur á þessu því þetta gæti verið neikvætt fyrir umdæmið. Ástbjörn sagði líka að handbók umdæmisins mætti aldrei falla niður, halda ætti utan um öll gögn og það væri mjög mikilvægt t.d ef ætti að skrá sögu hreyfingarinnar.

Hann sagði líka að það hefði alltaf verið erfitt að fá fréttir frá Færeyjum eins og raunin er núna. Að lokum sagði hann að umræðan um fjölgun væri neikvæð, klúbbar eins og Helgafell, Eldey, Elliði hafa allir aðdráttarafli og við ættum að hafa þessa klúbba sem fyrirmyndir.

**Ragnar Örn Pétursson** tók næstur til máls byrjaði á því að kynna Benóný Arnór Guðmundson sem verður umdæmisritari í stjórn Ragnars og Birgir Sveinsson sem verður umdæmisféhirðir. Ragnar sagði að skýrslurnar hefðu verið góðar og margt áhugavert komið þar fram. Hann sagði frá heimsóknarplani sínu en hann ráðgerir að heimsækja um 20 klúbba fram að páskum.

Ragnar sagði að hann hefði miklar áhyggjur af Færeyjum, búið væri að skipa nefnd sem á að aðstoða Færeyingana við að verða sér svæði, tveir í nefndinni eru frá Íslandi en beðið er eftir að einhver gefi kosti á sér frá Færeyjum. Ekki er enn ákveðið hver verði fyrsti svæðisstjóri þeirra, en framundan er fræðsla svæðisstjóra. Færeyingar skila illa skýrslum og eiga eftir að borga gjöldin. Ragnar sagði líka frá því að hann, Óskar og Hjördís hefðu samþykkt fjölgunarplan til þriggja ára en samkvæmt því þá munu kvennanefnd, ungliðanefnd og fjölgunar og útbreiðslunefnd vinna saman og mun Sigurður Svavarson leiða þetta verkefni. Hugmyndin er að mynda teymi frá hverju svæði með kjörsvæðisstjórum og kjörförsetum, og mun einn bera ábyrgð á sínu svæði. Eins sagði Ragnar að nú á

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar  
kiwanis.is

Efling, kraftur, áræðni – Ábyrgðin er okkar

ekki lengur að tala um fjölgun heldur eigum við að segja hvað það er gaman í Kiwanis.

Ragnar Örn sagði líka frá því að hann væri byrjaður að vinna að nýrri stefnumótun sem hann mun leggja drög að fyrir svæðisráðsfundi og svo umdæmisstjórnarfund í apríl.

**Þyri Marta Baldursdóttir** kom næst í pontu og sagði skýrslurnar góðar, hún sagði meðal annars frá því að þegar hún var umdæmisritari 94 -95 þá hefðu Jöklar heldur ekki skilað skýrslum. Hún hefði þá eftir að umdæmisritarastarfinu lauk og eins þegar hún var formaður fræðslunefndar skilað öllum sínum gögnum á skrifstofuna.

**Hildisif Björgvinsdóttir** tók næst til máls og sagði að hún væri ánægð með að hætta þessu tali um fjölgun. Eins sagði hún að leiðinlegt hefði verið að heyra að Óðinssvæði hefði ekki fengið upplýsingar um að hjálmarnir hefðu ekki verið fyrir skíði og skíðabretti.

Hildisif vakti athygli á því að aðeins tveir svæðisstjórar af sex væru með keðjurnar sínar og þeir ættu að bera þær á umdæmisstjórnarfundum. Það hefðu þau lært í fræðslu í vor.

**Óskar Guðjónsson** tók næstur til máls og tók undur orð Ástbjarnar og sagði að það væri rétt að við þurfum að passa okkur á að lenda ekki í hóp þróunarlanda hjá KI. Hann sagði að hann væri að vinna í því að þýða starfslýsingar til þess að uppfæra handbókina.

Umræðan um fjölgun er eilífðarmál sagði Óskar, félögum er að fækka á heimsvísu þó svo að fjölgun hafi átt sér stað í Evrópu.

Færeyjar hafa alltaf verið vandamál en nú fá þeir tækifæri þegar þeir verða sér svæði, fá þá fræðslu á sínu tungumáli og munu eiga fulltrúa í umdæmisstjórn.

**Björn Ágúst Sigurjónsson** sagði frá því að Georg Þór Kristjánsson umdæmisstjóri 1998-1999 og Ásgeir B. Gunnlaugsson umdæmisstjóri 1975-1976 tóku báðir fullt af myndum, sem geyma mikla sögu.

**Tómas Sveinsson** sagði að hann væri búinn að fá allar myndir sem Georg hefði átt.

**Björn Baldursson** sagði að árið 1995 hefði verið talað um að skrá sögu hreyfingarinnar.

## Matarhlé

### Skýrslur nefndarformanna og umræður um þær

- Skýrsla fræðslunefndar – Sæmundur H. Sæmundsson
- Skýrsla ritstjóra Kiwanisfrétta – Þyri Marta Baldursdóttir
- Skýrsla K-dagsnefndar – Gylfi Ingvarsson
- Skýrsla Internetnefndar – Tómas Sveinsson
- Skýrsla Styrktarsjóðs – Björn Ágúst Sigurjónsson
- Skýrsla Tengiliðs við gagnagrunn KI – Konráð Konráðsson

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar  
kiwanis.is

Efling, kraftur, áráðni – Ábyrgðin er okkar

## **Skýrslur þessar nefndarformanna fylgja með fundargerðinni**

### **Formaður þingnefndar – Stefán B. Jónsson**

sagði að nefndin væri á fullu við að undirbúa þingið sem verður á Hornafirði í lok september. En Stefán sagði að ástæðan fyrir því að þeir hefðu sótt um að hafa þingið þetta seint í september væri vegna verðsins á gistingu. Á þessum tíma væri komið vetrarverð. Annars væri allt í góðum farvegi hjá nefndinni

### **Formaður Hjálmanefndar – Guðmundur Oddgeir Indriðason**

Sagði frá því að búið væri að skrifa undir nýja 3 ára samning við Eimskip. Nýtt útlit verður á hjálmunum í ár, bleikur hjálmur fyrir stelpur og blár fyrir stráka. Nú hefði verið ákveðið að skipta við nýjan birgja, Koma. Hjálmarnir standast alla evróska staðla, búið að fara vel yfir það með Neytendastofu. Síðast hefðu hjálmarnir ekki uppfyllt þá alla og þar af leiðandi mátti ekki nota hjálminn á skíðum eða skíðabretti. Sú breyting verður á núna að Eimskip mun sjá um að pakka hjálmunum og senda þá í skólana, áður sjá hjálmanefndin um þetta.

### **Formaður Ferðanefndar – Björn Baldursson**

Sagði frá því að enginn hefi enn skráð sig í ferðina til Færeyja. En um 26 manns væru búið að skrá sig í ferðina á heimspingið. Enn væru laus sæti og hvatti Björn fólk til þess að mæta og taka með sér vini. Björn sagði líka frá því að ef Andrés fer í framboð yrði staðið að þriggja daga ferð á þingið.

### **Tengiliður við fyrrverandi umdæmisstjóra – Andrés Hjaltason**

Andrés sagði frá því að Einherjar hefðu ekki verið allir sammála um hvort að Óskar ætti að ganga til liðs við Einherja þar sem hann sæti í tvö ár sem umdæmisstjóri. Að lokum hefði verið ákveðið að samþykkja hann inn. Varðandi fjölgun sagði Andrés að það eina sem við gætum gert væri að stofna nýja klúbba, elstu klúbbarnir hafa ekki náð að viðhalda sér og munu því deyja út. Hann sagði að við gætum alveg stofnað klúbba en það væri vinna og málið væri að gefast ekki strax upp þegar á móti blæs.

## **Önnur mál**

**Tómas Sveinsson** kom fyrstur í pontu og sagði að ástæðan fyrir því að margir Kiwanisfélagar væri ekki að fá fjölpóst frá umdæminu gæti verið út af sterkum vírusvörnum.

**Gylfi Ingvarsson** sagði að hann vildi að ungliðaklúbbarnir yrðu beðnir um að taka þátt í sölu á K-lyklinum. Þetta gæti verið þeirra því þau fá sölulaun fyrir hvern seldan lykil. Sölulaunin ættu að skrá á skýrslur sem styrkur til samstarfsaðila.

**Hildisif Björgvinsdóttir** sagðist taka undir það sem kom fram í skýrslu ritstjóra Kiwanisfréttanna varðandi auglýsingar í Kiwanisfréttir. Auglýsendur hafa ekki áhuga á að auglýsa í blaði sem kemur út í aðeins 1100 eintökum. Eins sagði Hildisif að henni þætti þingblaðið leiðinlegt, þar vantaði alveg fréttir frá klúbbunum.

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar  
kiwanis.is

Efling, kraftur, áræðni – Ábyrgðin er okkar

Að gera samning við Eimskip næstu þrjú árin væru góðar fréttir og sagði að nýja heimasíðan væri flott.

**Atli Þórsson** sagði að hann væri sammála Ritstjóra Kiwanisfréttar varðandi áætlunina um auglýsingartekjurnar. Eins hefði kostnaðurinn við prentunina hækkað mikið og taldi hann rétt að við leituðum tilboða fyrir Kiwanisfréttir og félgatalið.

Atli beint því næst spurningu til formanns K – dagsnefndar og spurði um bankareikning sem nefndin hefði stofnað. Samþykkt hefði verið í haust að beiðni fjárhagsnefndar að umdæmisféhirðir hefði yfirprókúru á öllum reikningum í eigu umdæmsins.

**Erlendur Örn Fjeldsted** tók næstur til máls og sagði frá því að Skjöldur væri að fjölga um þrjá. Eins spurði hann umdæmisstjóra hvort að ekki eigi að kynna Eistlandsferðina sem var farin í síðasta sumar.

**Óskar Guðjónsson** svaraði því til að krakkarnir sjálfir sem hefðu farið í ferðina ætla sjálf að vera með kynningu svo þetta er undir þeim komið hvenær það verður.

Í sumar verða þessar sumarbúðir í Finnlandi en við eigum eftir að fá nánari upplýsingar um þær.

**Ragnar Örn Pétursson** sagði frá því að hann hefði heimsótt Höfða og þeir hefðu kvartað undan afskiptaleysi umdæmisins varðandi Byggendaklúbbinn í Engjaskóla.

Þrír Höfðafélagar halda utan um klúbbinn.

Hann sagði líka frá því að þegar ákveðið hefði verið að hafa þinggögnin í Kiwanisfréttum hefði verið hugsunin á bak við það að allir félagar sem eru um 940 gætu lesið skýrslurnar ekki bara þeir 130 sem mættu á þing.

**Þyri Marta Baldursdóttir** sagði að henni hefði fundist vera óánægja með þingblaðið á meðal félaga því þar væru engar fréttir. Hún sagði að hún hefði leitað til annarra prentsmiðju og beðið um tilboð í blaðið og það hefði verið mun hagstæðara heldur en frá prentsmiðjunni sem hefði prentað fyrir okkur. Mikill hækkun hefði verið þar.

**Óskar Guðjónsson** svaraði Ragnari Erni varðandi óánægju Höfða með afskiptaleysi umdæmisins og sagði að Byggendaklúbburinn væri alfarið á ábyrgð Höfða. Þeir hefðu undirrita samning þar um og ef þeir vildu aðkomu umdæmisins þá yrðu þeir að snúa sér til okkar.

**Hjördís Harðardóttir** tók næst til máls og sagði að sér þætti leiðinlegt að sjá að í skjali sem K- dagsnefnd er að dreifa, að í hvatningarorðum frá Forseta Íslands kemur fram tvisvar orðið Kiwanismenn. Hún sagði harma að Forsetinn hafi ekki fengið betri upplýsingar en þetta, þarna ætti að standa Kiwanisfélagar.

Kvennefndin sem hún er í vinnur að því að láta konur vita að Kiwanis sé fyrir þær líka og þetta væru röng skilaboð. Dreifi síðan bókamerki sem Kvennefndin hefur látið útbúa.

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar  
kiwanis.is

Efling, kraftur, áræðni – Ábyrgðin er okkar

**Gylfi Ingvarsson svaraði** Hjördísi og sagði að þessum yrði ekki breytt og sagði að konur væri líka menn og þetta væri bara einhver viðkæmi að ekki mætti tala um Kiwanismenn.

Gylfi svaraði síðan Atla umdæmisféhirði og sagði bankareikningurinn væri í umsjón K- dagsnefndar.

**Óskar Guðjónsson** þakkaði fyrir góðan fund, óskaði fólki góðrar heimferðar og sleit fundi rúmlega tvö.

Hjördís Harðardóttir  
Umdæmisritari